

# 50. stjórnarfundur Bergrisans bs.

13.01.2023

Staðsetning: Bankinn vinnustofa, Selfossi

Fundur hófst klukkan 09:45

## Mætt:

Bragi Bjarnason, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson og Ingibjörg Garðarsdóttir. Fjóla St. Kristinsdóttir og Íris Ellertsdóttir boðuðu forföll. Steinunn Erla Kolbeinsdóttir kom inn á fundinn undir lið 2 og 3.

Ása Valdís Árnadóttir ritaði fundargerð.

## 1. Húsnæðissjálfsseignarstofnunin Arnardrangur

Sveitarfélögin sem reka og eiga byggðasamlagið Bergrisann bs. eru einnig eigendur að húsnæðissjálfsseignarstofnuninni Arndardrangi hses. Vinna við uppbyggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk í eigu Arnardrangs hses í Nauthaga 2 er hafin.

Á 48. stjórnarfundum Bergrisans bs. lagði stjórn Arnardrangs fram lánabeiðni að upphæð 14.422.148.- kr. til að mæta fjárförf vegna verkefnisins. Lánið hefur nú verið endurgreitt.

Fyrir liggur ný lánabeiðni frá Arnardrangi hses. að upphæð kr. 18.601.132.- kr. vegna framvindu 3 til 4. Um er að ræða skammtímalán þar til gengið hefur verið frá fjármögnun verkefnisins.

Bókun stjórnar Arnardrangs hses. var eftirfarandi:

*„Vinna við uppbyggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk í eigu Arnardrangs hses. við Nauthaga 2 er hafin. Skammtímalán vegna framvindu 1 og 2 hefur verið endurgreitt til Bergrisans bs. en vegna tafa á skammtímafjármögnun verkefnisins óskar Arnardrangur hses. eftir láni vegna framvindu 3 og 4 að upphæð kr. 18.901.132. Lánaviðræður við banka eru komnar á veg og verður lán endurgreitt þegar það liggur fyrir.“*

Stjórn Bergrisans samþykkir samhljóða að lána Arnardrang hses. 18.601.132.- krónur vegna framvindu 3 til 4 við uppbyggingu á íbúðarkjarna í Nauthaga 2

## 2. Skaftholt- samningsdrög lögð fyrir

Stjórn Bergrisans hefur átt í samningaviðræðum við Skaftholt en samningur við félagið rann út 31.12.2022. Fyrir fundinum liggja samningsdrög um þjónustuna í Skaftholti. Steinunn Kolbeinsdóttir, lögmaður frá Lögmönnum Suðurlands er gestur undir fundarliðnum og var henni falið að vinna drögin áfram miðað við umræður á fundinum. Umræðum frestað til næsta stjórnarfundar.

### 3. Starfsdagur stjórnar Bergrisans bs.

Starfsdagur stjórnar Bergrisans verður haldinn 16. janúar nk. þar sem ætlað er að fjalla um aðgerðaráætlun vegna stjórnslu- og rekstrarúttektar HLH ráðgjafar. Fyrir liggja drög að dagskrá starfsdags frá verkefnastjóra Bergrisans bs.

Stjórn Bergrisans leggur til að einnig verði rædd heimasíðumál Bergrisans á starfsdeginum. Að öðru leyti er dagskrá samþykkt.

Fundi slitið klukkan 11:15